

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Minni-Vellir, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 12. febrúar 2025, tillögu að deiliskipulagi fyrir Minni-Velli. Skipulagssvæðið er í Landsveit og samanstendur af 6 lóðum. Lóðirnar eru skilgreindar á landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi. Lóðirnar eru nú þegar stofnaðar og koma upprunalega úr landi Minni-Valla, L164995. Aðkoma er frá Landvegi (nr. 26) um Laugaveg (nr. 2880). Lóðirnar eru: Minni-Vellir, lóð 5, L194212, Minni-Vellir, lóð 6, L197838, Minni-Vellir, lóð 7, L197839, Lækjarvellir, L230921, Ásavellir, L235326 og Óskasteinn, L230923. Aðliggjandi lóðir eru Íðavellir, Minni-Vellir, lóð 9 og Minni-Vellir, lóð 1. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Svínhagi L7A, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 12. febrúar 2025, tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga L7A. Í tillögunni er gert ráð fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu með byggingu allt að 8 gistiskála auk aðkomuvega og bílastæða. Aðkoma að svæðinu er af Þingskálavegi 268. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 3. mars 2025.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 18. mars 2025